



JAFNRÉTTISSTEFNA MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

Jafnréttisáætlun Menntaskólans að Laugarvatni byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020. Samkvæmt 15. grein laganna skal gæta samþættingar kynja-jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Nemendur skulu hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalmyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Öll námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjunum sé ekki mismunað og í náms- og starfsráðgjöf skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni. Hvers kyns mismunun er óheimil í námi og félagslífi.

Í Menntaskólanum að Laugarvatni eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í námi eða félagslífi. Enginn skal látinn gjalda þess að hafa tilkynnt eða kært kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Skólinn setur sér jafnréttisáætlun til að vinna markvisst að ofangreindum áherslum. Hún miðast að því að unnið sé gegn hvers konar mismunun, svo sem á grundvelli aldurs, fötlunar, litarháttar, uppruna, kynhneigðar eða stöðu að öðru leyti. Markmiðið er að skapa fordómalaust skólaumhverfi.

Í Menntaskólanum að Laugarvatni er talið mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum óháð kyni. Jafnréttisstefnan gildir um alla starfsemi skólans og á við um bæði til nemendur og starfsfólk. Jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skulu vera virkur þáttur í starfsemi skólans.